

(B. III, 7).

Nd.

594. Nefndarátt

um frumvarp til laga um æfinlega erfingjarentu.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarp þetta, sem komið er frá háttv. efri deild, hefir nefndin athugað og komist að þeirri niðurstöðu að ráða háttv. deild til að samþykkja það óbreytt.

Að vísu voru innan nefndarinnar nokkuð skiftar skoðanir um frumvarpið, en meiri hlutinn leit svo á, að hugsun sú, er frumvarpið grundvallast á, væri þess verð, að hennar vegna væri ekki ótyrirsynju að láta það ná fram að ganga, þrátt fyrir það, þó það hafi allmikinn útgjaldaauka fyrir ríkissjóð í för með sér.

Alþingi, 12. maí 1921.

M. J. Kristjánsson,
formaður.

Jón A. Jónsson,
fundaskrifari.

Hákon J. Kristófersson,
framsögumaður.

Sveinn Ólafsson.

Jakob Möller.

Þorl. Guðmundsson.

Þórarinn Jónsson.